



# Framkvæmda- fréttir

7. tbl. /04



Frá undirskrift verksamnings um göng undir Almanskard, 9. mars 2004. Verktakar eru Héraðsverk ehf. og Leonhard Nilsen og Sønner As. Sjá nöfn viðstaddra á baksíðu.

## Niðurstöður útboða

### Drangnesvegur (645), Skáruklettanes - Fiskines 04-020

Tilboð opnuð 9. mars 2004. Um er að ræða ný- og endurlögn Drangnesvegur um Selströnd milli Skáruklettanes og Fiskiness. Heildarlengd kafla er 3,26 km. Ennfremur fól útboðið í sér útlögn efra burðarlags og bundins slitlags á kaflann milli Kleifa og Akraness, lengd 2,1 km.

Helstu magntölur eru:

Lengd endurbyggingar	3,26 km
Lengd bundins slitlags	5,36 km
Bergskerlingar	26.500 m <sup>3</sup>
Fyllingar	39.700 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	13.900 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	8.600 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	62.200 m <sup>2</sup>
Rofvarnir	3.000 m <sup>3</sup>
Frágangur fláa	64.300 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2004.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
5	Norðurtak ehf., Sauðárkróki	61.434.000	112,6	14.027
---	Áætlaður verktakakostnaður	54.537.300	100,0	7.130
4	Klufftir ehf., Kópavogi	52.266.300	95,8	4.859
3	Fjörður ehf., Skagafirði	51.425.700	94,3	4.019
2	Fylling ehf., Hólmavík	50.791.400	93,1	3.384
1	Kubbur ehf., Ísafirði	47.407.199	86,9	0

## Auglýsingar útboða

### Efnisvinnsla á Vestfjörðum 2004 04-022

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í efnisvinnslu á Vestfjörðum 2004. Um er að ræða sprengingu og mölun efnis af mismunandi gerð. Vinnslusvæðið er að mestu á milli Hólmavíkur og Þingeyrar. Verkinu er skipt upp í þrjá verkhluta sem heimilt er að bjóða í sérstaklega hvern fyrir sig eða saman.

Helstu magntölur eru:

hluti	mölun bergskerling	
A Burðalags og slitlagsefni		
Strandasýslu	25.000 m <sup>3</sup>	20.000 m <sup>3</sup>
B Malarslitlag Strandasýslu	16.000 m <sup>3</sup>	
C Burðarlagsefni og slitlags- efni í nágreppi Ísafjarðar	12.000 m <sup>3</sup>	5.000 m <sup>3</sup>
Samtals	53.000 m <sup>3</sup>	25.000 m <sup>3</sup>

Í öllum verkhlutum þarf að skila einni námu 1. júlí 2004, en verkinu í heild á að vera að fullu lokið 1. júlí 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Ísafirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánu-  
deginum 15. mars 2004. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 30. mars 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.


## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 7. tbl. 12. árg. nr. 364 15. mars 2004

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Gutenberg



Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin  
Framkvæmdafréttir  
Borgartúni 7  
105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-  
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,  
útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og  
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem  
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.  
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar.  
Áskrift er endurgjaldslaus.

# Suðursvæði




# Suðvestursvæði




MAPS 41

-  Skrifstofa svæðis
-  Skrifstofa umdæmis
-  Þjónustustöð
-  Vélaverkstæði
-  Mörk svæða
-  Mörk þjónustuvæða

## Norðvestur- svæði



## Norðaustur- svæði



## Nýtt skipulag Vegagerðarinnar á landsvísu

Þann 1. mars tók gildi nýtt skipurit Vegagerðarinnar og um leið breyttist allt skipulag á landsvísu. Umdæmamörk sem áður fylgdu gömlu kjördæmamörkunum að mestu eru lögð af en þess í stað tekin upp svæðamörk sem fylgja núverandi kjördæmamörkum að miklu leyti.

Skrifstofur allra umdæma höfðu sama skipurit og svipað mannhald. Aukin sérhæfing og tæknipróun gerði þetta fyrirkomulag óheppilegt en einnig hafa betri samgöngur auðveldað stækkun svæða.

Í þessari opnu eru birt skipuriti svæða. Eins og sjá má er skipulag þeirra talsvert mismunandi. Nýjar stjórnunarlínur auðvelda dreifingu verkefna til starfsstöðva um allt land. Umsjón, þ.e. ábyrgð á framkvæmd ákveðins málaflokks getur verið á einum stað en tilsjón, þ.e. húsagi og eftirlit, getur verið á öðrum stað. Þetta auðveldar flutning verkefna frá Reykjavík út á landsbyggðina. Umsjón getur þá verið í miðstöð en tilsjón í starfsstöð úti á landi.

Með þessu nýja skipulagi er stefnt að því að laga Vegagerðina að breyttum ytri aðstæðum og gera hana þannig hæfari til að takast á við ný verkefni og nýja tíma.



## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.


Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
04-033 Efnisvinnsla á Suðurlandi (Suðursvæði) 2004	04
04-034 Yfirlagnir og styrkingar á Suðurlandi (Suðursvæði) 2004	04
04-035 Yfirlagnir á Austurlandi (Norðaustursvæði) 2004	04
04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	04
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði 2004-2005	04
04-003 Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka, 1. áfangi	04
04-023 Óshlíð, snjóflóðaskápar	04
04-016 Grenivíkuvvegur (83), snjóastaðir	04
04-008 Vatnsnesvegur (711) um Hamarsá 2004	04
04-028 Klæðingar á Norðurlandi eystra 2004	04
04-029 Mölbúður með malardreifara á Norðurlandi eystra 2004	04
04-027 Mjóafjarðarferja 2004-2006	04
04-019 Brekkuselsvegur að skíðasvæði Dalvíkur	04
04-018 Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði, Fjarðará - sýslumörk	04
04-021 Yfirlagnir á Vestfjörðum 2004	04
04-024 Landgræðsla á Vestfjörðum 2004	04
03-033 Ólafsfjarðarvegur (82), brú á Hörgá	04
04-005 Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2004	04
04-014 Klæðingar á Norðurlandi vestra 2004-2005	04
04-013 Mölbúður með malardreifara á Norðurlandi vestra 2004-2005	04
04-007 Þverárfjallsvegur (744), Tunga - Sauðárkrókur 2004-2005	04
04-012 Landgræðsla á Norðurlandi vestra 2004-2005	04
04-010 Efrbyggðarvegur (751), Álfgeirsvellir - Skagafjarðarvegur 2004	04
04-017 Hlíðarfjallsvegur (837) um Hlíðarbraut	04
04-009 Vatnsdalsvegur (722), Hvammur - Steinkot 2004-2005	04
04-011 Hegranesvegur (764), Sauðárkrókur - Helluland 2004	04
04-025 Snjómokstur og hálkuvörn í Suðurlandsumdæmi, Helliheiði, Þrengslavegur og Árborgarhringur	04
04-002 Hálsasveitarvegur (518), Stóri-Ás - Húsafell	04
04-015 Yfirborðsmerkingar, sprautuplast 2004-2005	04
03-090 Hringvegur (1), gatnamót við Skeiðaveg (30)	04
02-015 Hringvegur (1) við Hellu	04

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst: dagur, mánuður, ár
03-080 (Ath. breyting á nafni útboðs) Hjáleið í Reyðarfirði, 2. áfangi	04
03-095 Mjóafjarðarvegur (953) um Klifbrekku	04
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur	04
03-084 Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	04
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirit	04
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	04
03-010 Kjósarskarðsvegur (48), endurbuygging 2. áfangi	04
03-017 Norðfjarðarvegur (92), Sómastaðir - Hólmar	04
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst: Opnað:
04-022 Efnisvinnsla á Vestfjörðum 2004	15.03.04 30.03.04
04-026 Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, eftirlit	08.03.04 06.04.04
04-031 Malbikun á Ísafirði 2004	08.03.04 30.03.04
03-091 Laugarvatnsvegur (37) um Brúará	01.03.04 23.03.04
01-017 Nesbraut (49), færsla Hringbrautar	01.03.04 30.03.04
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
04-020 Drangsnisvegur (645), Skárुकlettanes - Fiskines	23.02.04 09.03.04
03-100 Kringlumýrarbraut - Miklabraut, frumdrög og mat á umhverfisáhrifum	12.01.04 03.02.04
Samningum lokið	Opnað: Samið:
03-098 Hringvegur (1), göng undir Almannaskarð, eftirlit GeoTek ehf.	10.02.04 09.03.04
03-064 Hringvegur (1), göng undir Almannaskarð	27.01.04 09.03.04
<i>Héraðsverk ehf. og Leonhard Nilsen og Sønner As</i>	

## Mynd á forsiðu

Nöfn við mynd á forsiðu, fremri röð frá vinstri: Svanur Geir Bjarnason svæðisstjóri Suðursvæði, Einar Þorvarðarson umdæmisstjóri, Reyðarfjörður, Benedikt Ólason Héraðsverk ehf., Sigurður Grétarsson Héraðsverk ehf., Frode Nilsen Leonhard Nilsen og Sønner As og Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri. Aftari röð frá vinstri: Gunnar Gunnarsson aðstoðarvegamálastjóri, Sigurður Oddsson deildarstjóri framkvæmda, Norðaustursvæði, Rögnvaldur Gunnarsson forstöðumaður framkvæmdadeildar, Hreinn Haraldsson framkvæmdastjóri þróunarviðs og Guðjón Magnússon deildarstjóri framkvæmda, Norðaustursvæði.



Staða framkvæmda við Fáskrúðsfjarðargöng 8. mars 2004. Samtals er búið að sprengja 3.307 m sem gerir 58%.